

**130. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
12. mars 2021 og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Ingvar Ágúst Guðmundsson, varaformaður, D lista,
Díana Lind Arnarsdóttir, aðalmaður, D lista,
Hólmar Hákon Óðinsson, aðalmaður, I lista,
Jón Kort Ólafsson, aðalmaður, H lista,
Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður I lista,
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

Fundargerð ritaði: Hjörtur Hjartarson, félagsmálastjóri.

Fyrir var tekið:

1. Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög. - 2103009

Niðurstaða

Erindi frá Jafnréttisstofu um áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög. Alþingi hefur samþykkt tvenn ný lög sem leysa af hólmi lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nýju lögin eru: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Lög um um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020. Áætlanir sveitarfélaga í jafnréttismálum skulu nú taka til markmiða og aðgerða til að koma í veg fyrir mismunun, ekki eingöngu vegna kyns, heldur óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenum og kyntjáningu. Jafnréttisstofa hvetur sveitarfélög til að nýta vel þann tíma sem er fram til sveitarstjórnakosninga vorið 2022 til að undirbúa gerð nýrra áætlana í jafnréttismálum.

2. Samstarfssamningur vegna Húss eldri borgara í Ólafsfirði - 2010088

Niðurstaða

Lögð fram til kynningar drög að samningi um afnot félagsþjónustu Fjallabyggðar af Húsi eldri borgara í Ólafsfirði sem og breytingatillaga Félags eldri borgara við drögin. Málið er í áframhaldandi vinnslu.

3. Trúnaðarmál, félagsleg þjónusta - 1802077

Niðurstaða

Lagt fram til kynningar.

4. Trúnaðarmál, fjárhagsaðstoð - 2002003

5. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 - 2012028

Niðurstaða

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:40.